

Ár 2004, föstudaginn 24. september, er dómþing Dómstóls Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands (ÍSí) haldið af Halldóri Halldórssyni dómara í dómstól ÍSí.

Fyrir er tekið:

Mál nr. 4/2004

Lyfjaráðs ÍSí

gegn

Eygerði Ingu Hafþórsdóttur.

Í málinu er kveðinn upp svofelldur

DÓMUR

I

Mál þetta er höfðað með kæru Lyfjaráðs ÍSí dagsettri og móttækinni af skrifstofu ÍSí 30. ágúst sl.

Kærð er Eygerður Inga Hafþórsdóttir kt. 180883-4609, skráður félagi í Fimleikafélagi Hafnarfjarðar.

Kröfur kæranda.

Þess er krafist að Dómstóll ÍSí veiti kærðu áminningu fyrir að hafa neytt efedríns án þess að það hafi verið ásetningur hennar að nota efnið. Þá er þess krafist að árangur kærðu í 800 metra og 3000 metra hlaupum og árangur boðhlaupssveitar FH í 4x400 metra hlaupi á Meistaramóti Íslands sem fram fór dagana 24. og 25. júlí sl., verði ógiltur.

Af hálfu kærðu er fallist á kröfur kæranda.

Halldór Halldórsson dómari í Dómstól Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands fékk mál þetta til afgreiðslu sama dag og kæran barst til skrifstofu ÍSí. Skömmu eftir úthlutun málsins varð ljóst að Guðmundur Pétursson hrl. myndi gæta hagsmuna kærðu í málinu. Í samráði við aðila máls var ákveðið að þingfesta málið 16. september sl. en áður hafði talsmanni kærðu verið gefinn kostur á að skila greinargerð.

Við þingfestingu málsins voru eftirtalin skjöl lögð fram. Nr. 1 kæra dagsett 30. ágúst 2004. Nr. 2 bréf Lyfjaeftirlitsnefndar ÍSí til Lyfjaráðs ÍSí. dagsett 25. ágúst 2004. Nr. 3. lyfjaeftirlitsblað nr. 0932 varðandi töku sýnis. Nr. 4-6 bréf Huddinge

Universitetssjúkhus dagsett 18. ágúst 2004. Nr. 7 hluti félagatals Fimleikafélags Hafnarfjarðar. Nr. 8-9 móttökukvittanir kærðu dagsettar 19. og 25. ágúst 2004. Nr. 10 Ljósrit af merkingu Ginseng energy now. Nr. 11 útprentun af interneti varðandi Sida cordifolia. Nr. 12 bréf til Lyfjaeftirlitsnefndar dags. 23. ágúst 2004. Nr. 13 umboð. Nr. 14 yfirlýsing frjálsíþróttadeildar FH. Nr. 15 bókun kærðu.

II

Í kæru er málavöxtum lýst þannig, að kærða sé skráður félagi í Fimleikafélagi Hafnarfjarðar og keppi fyrir félagið í frjálsum íþróttum. Kærða hafi þann 25. júlí sl. verið boðuð í lyfjaeftirlit eftir keppni á Meistarmóti Íslands í frjálsum íþróttum. Hún hafi látið í té þvagsýni (A- og B- sýni). Sýnið hafi síðan verið sent til greiningar á Huddinge Universitetssjúkhus í Svíþjóð. Niðurstaða greiningar á A-sýni bárust Lyfjaeftirlitsnefnd ÍSÍ 18. ágúst sl. Niðurstöður sýndu að í sýninu var að finna örvandi efnið efedrín sem er á lista WADA (World Anti-Doping Agency) yfir bönnuð efni og aðferðir sem framkvæmdastjórn ÍSÍ hefur staðfest að gildi innan ÍSÍ. Styrkur efnisins reyndist vera 16,8 µg/ml en samkvæmt lista WADA má styrkur efedríns ekki vera meiri en 10 µg/ml. Kærðu var gerð grein fyrir niðurstöðunni þann 19. ágúst sl og óskaði hún eftir því að B-sýni yrði einnig greint. Niðurstöður greiningar á því sýni bárust Lyfjaeftirlitsnefnd ÍSÍ 25. ágúst sl. og mældist styrkur efedríns í því 17,2 µg/ml.

Kærða hefur skriflega lýst málavöxtum fyrir dóminum og þá hefur hún einnig gert grein fyrir máli sínu við Lyfjaeftirlitsnefnd ÍSÍ. Fram kom hjá kærðu að hún taldi sig ekki hafa neytt neinna ólöglega efna. Hún hefði fyrir Meistaramótið tekið inn Hydroxycut fæðubótarefni og taldi í fyrstu að það gæti verið orsök. Að hálfu Lyfjaeftirlitsnefndar var hlutast til um að Skúli Skúlason lyfjafræðingur skimaði samskonar fæðubótarefni eftir efedríni en það fannst ekki. Beindust sjónir manna þá að ginsengi (Ginseng energy now) sem kærða hafði keypt í Bandaríkjunum þegar hún var þar á keppnisferð með skóla sínum. Hún hafi fyrir tilviljun tekið eftir ginseng töflum sem merktar voru sem sérstaklega góðar fyrir íþróttamenn og hún hafi því af rælni keypt eitt bréf með þessum töflum og látið í tösku sína og hálfpartinn gleymt þeim þar. Af innihaldslýsingu á því efni benti ekkert til að þar væri efedrín að finna. Af hálfu Lyfjaeftirlitsnefndar var hlutast til að nefndur Skúli kannaði þetta efni einnig. Í fyrstu benti ekkert til þess að þar væri

efedrin að finna en við nánari skoðun kom í ljós að þar er að finna efnið sida cordifolia extract. Lýsing á því efni hafi verið lögð fram í málinu og þar kemur fram að það efni inniheldur allt að 1.2% efedrin.

Kærða kvaðst hafa átt við veikindi að stríða daginn áður en Meistaramótið hófst og einnig á fyrri keppnisdegi mótsins. Veikindi hafi lýst sér í magakveisu og niðurgangi og þessi veikindi hafi leitt til þess að hún varð að hætta keppni eftir u.þ.b. 1200 metra í 1500 metra hlaupinu. Hún hafi reynt að fremsta megni að koma sér í keppnishæft ástand fyrir síðari dag mótsins. Hún hafi tekið inn heitt kjötseyði, magastillandi, vítamín og lýsi. Að morgni síðari keppnisdagsins hafi hún síðan munað eftir nefndum ginseng töflum og ákveðið, illu heilli, að taka þær inn enda hafi hún litið á þær eins og hvert annað vítamín. Þetta hafi verið í eina skiptið sem hún hafi neytt ginseng taflna. Líðan hennar hafi síðan verið orðin það góð á síðari keppnisdeginum að hún hafi keppt í þeim greinum sem hún var skráð til keppni í þann dag. Hún hefði þó ekki tekið þátt í keppninni ef ekki hefði verið um stigakeppni milli liða að ræða en hún hafi með þátttöku sinni viljað afla stiga fyrir sitt lið. Kærða kveðst harma mjög að hafa keypt umræddar töflur og tekið þær inn en leggur áherslu á að hún hafi verið grunlaus um að töflurnar hefðu að geyma einhver efni sem eru á bannlista enda ekkert í innihaldslýsingu sem bendir til að svo sé. Kærða kveðst ætla að skoða hugsanlegan rétt sinn gagnvart söluaðila og/eða framleiðanda taflanna.

III

Kærandi vísar kröfu sinni til stuðnings til greinar 44.1 a í lögum ÍSÍ. Þar sem fram kemur að lyfjamisnotkun er bönnuð og að brot teljist framið ef efni, niðurbrotsefni bannaðs efnis eða önnur efni sem gefa til kynna tilvist bannaðs efnis, finnast í sýni sem íþróttamaður gefur við lyfjaeftirlit. Kærandi telur sannað að kærða hafi brotið gegn þessu ákvæði laga ÍSÍ. Hvað refsingu varðar vísar kærandi til þess að samkvæmt grein 45.4 í lögum ÍSÍ skuli refsing fyrir fyrsta brot á grein 44.1. vera tveggja ára óhlutgengi til þátttöku í æfingum og keppnum og sýningum innan íþróttahreyfingarinnar en einnig sé heimilt að svipta hinn brotlega rétti til að gegna trúnaðarstörfum innan hreyfingarinnar um lengri eða skemmri tíma. Þó sé heimild í grein 45.7 að beita vægari refsingu ef um er að ræða efni sem sérstaklega eru tilgreind á bannlista WADA og veruleg hætta þykir vera á að íþróttamenn neyti án ásetnings og er efedrin meðal þeirra efna. Kærandi bendir á að

beiting þessa ákvæðis sé háð því skilyrði að íþróttamaðurinn geti sýnt fram á að hann hafi neytt viðkomandi efnis án ásetnings til að bæta árangur sinn í íþróttum. Að þessu skilyrði uppfylltu megi refsing fyrir fyrsta brot er, varðar eitthvert þeirra efna sem talin eru upp á listanum, vera frá áminningu og allt að eins árs keppnisbanni. Kærandi bendir einnig á ákvæði greinar 47.2 er heimili mildun refsingar fyrir brot grein 44.1 ef kærða getur fært sönnur á að hún hafi átt óverulega sök á brotinu.

Kærandi leggur áherslu á að á undanförunum árum hafi ÍSÍ, WADA og fleiri aðilar opinberlega ítrekað varað við því að í fæðubótarefnum kynnu að leynast bönnuð efni. Fjöldmörg dæmi séu til um að íþróttamenn hafi fallið á lyfjaprófi vegna neyslu á fæðubótarefnum sem ekki báru með sér að þau innihéldu ólögleg efni. Íþróttahreyfingin hafi talið að íþróttamenn verði sjálfir að bera áhættuna af því að neyta fæðubótaefna. Telur kærandi því að kærðu hafi mátt vera ljóst að neysla hennar á Ginseng energy now gæti falið í sér áhættu. Þar sem kærða keypti efnið sjálf og neytti þess beri hún fulla ábyrgð á brotinu og því séu ekki efni til að milda eða fella niður refsingu með vísan til greina 47.1 eða 47.2

Kærandi telur, með hliðsjón af upplýsingum frá Lyfjæftirlitsnefnd um málavexti, upplýsingum kærðu um neyslu ginseng á lyfjæftirlitsblaði og tiltölulega lítils styrks efedríns í þvagi, að verulegar líkur séu á að kærða hafi neytt efedríns af vangá en ekki ásetningi til að bæta árangur sinn í íþróttum. Með tilliti til eindregins vilja kærðu og aðstandenda hennar til að upplýsa málið er þess krafist að kærðu verði einungis veitt áminning sbr. grein 45. 7. Þá telur kærandi að með vísan til greina 45.2a og 45. 3.c í lögum ÍSÍ að ógilda beri árangur kærðu í 800m og 3000m hlaupum og árangur boðhlaupssveitar FH í 4x400m hlaupi á Meistaramóti Íslands sem fram fór dagana 24. og 25. júlí sl.

IV

Að framan er rakið að kærða hefur fallist á dómkröfur kæranda. Ekki er um það deilt að efedrín mældist í óleyfilegum styrk í sýni sem kærða gaf að loknu Meistaramóti Íslands í frjálsum íþróttum eins og að framan er rakið.

Það er í verkahring dómsins að ákvarða refsingu í málum sem höfðuð eru fyrir dóminum. Dómkröfur kæranda eru því ekki bindandi fyrir dóminn en vissulega er rétt að

horfa til þeirra þegar refsing er ákvörðuð. Að framan er rakin lýsing kærðu á málavöxtum. Fyrir dóminn hafa verið lögð gögn varðandi ginseng töflunar svo og rannsóknir Skúla Skúlasonar á innihaldi þeirra. Þessi gögn benda til þess að ógerlegt hafi verið fyrir kærðu að átta sig á því að töflunar innihéldu efedrín. Þá er og rétt að horfa til þess að kærða upplýsti á lyfjæftirlitsblaði að hún hefði neytt ginsengs fyrir keppnina en það rennir enn frekari stoðum undir grunleysi hennar. Þá var styrkur efedríns í sýni kærðu með því lágsta sem mælst hefur við lyfjæftirlit hér á landi. Að þessu virtu svo og framburði kærðu þykir rétt að taka kröfur kæranda til greina og veita kærðu áminningu enda er slík niðurstaða tæk samkvæmt ákvæðum greinar 45.7 laga ÍSÍ.

Kærandi hefur krafist þess að árangur kærðu á títtnefndu Meistaramóti verði ógiltur. Sú krafa rúmast innan heimilda dómsins samkvæmt ákvæðum greinar 36.1.b þó svo þar sé eingöngu nefnt að dómstólar ÍSÍ geti dæmt leiki ógilda þá hljóta frjálsíþróttamót og önnur mót þar sem leikir í orðsins fyllstu merkingu fara ekki fram að falla hér undir. Dómurinn fellst á kröfu kæranda og er árangur kærðu í 800m og 3000m hlaupi svo og árangur boðhlaupssveitar FH í 4x400m hlaupi á Meistaramóti Íslands í frjálsum íþróttum sem fram fór 24. og 25. júlí 2004 ógiltur. Það er ekki í verkahring dómsins að breyta úrslitum mótsins á annan hátt heldur er slíkt í hlutverki viðkomandi sérsambands eða eftir atvikum mótshaldara.

Halldór Halldórsson dómari í Dómstól ÍSÍ kveður upp dóm þennan. Skrifstofa ÍSÍ mun annast birtingu hans fyrir kærðu og tilkynna FRÍ og FH um niðurstöðu dómsins.

DÓMSORÐ

Kærðu, Eygerði Ingu Hafþórsdóttur, er veitt áminning vegna neyslu efedríns án þess að það hafi verið ásetningur hennar að bæta árangur sinn í íþróttum.

Ógiltur er árangur kærðu í 800m og 3000m hlaupi svo og árangur boðhlaupssveitar FH í 4x400m hlaupi á Meistaramóti Íslands í frjálsum íþróttum sem fram fór 24. og 25. júlí 2004.

Halldór Halldórsson.